

Meiri-Höfn ⁽¹⁾

Sá bær stendur allskammt utar við fjörðinn og nær honum, en þó fremur hátt; gengur hæðabunga nokkur þar fram frá hlíðinni og er byggð þessi framan á henni, í halla nokkrum mun þar undan áður hafa verið miðja hafnarinnar. Liggur túnið að sjó, allmikið og grösugt en nokkuð þýft; um það er garður forn, allt á bakka ofan, sem nokkuð hefur verið færður út að norðan, þegar á fyrri öldum. Lönd hafa hér ekki stór verið, því skammt var til næstu byggða, tveim megin, en engi ágætt og hægt til flestra fanga; má vera að snemma hafi þetta býli mest orðið, þeirra þriggja er hér lágu að höfninni; lögðust og hin bæði undir það um síðir.

Hér mun og jafnan hafa búið verið frá fyrstu tíð og er enn nokkuð. En svo fast er nú gengið á hið forna tún, til byggðalóða, frá kaup-staðnum, þó án þarfa, að vart mun þetta góða býli langa sögu eiga hér eftir. Nokkur örnefni mættu þá geyma minning þess um stund; nefnist hæð sú er á stendur byggðin: *Hafnarhæð* (2) lækur norðan bæjar: *Hafnarlækur* (3) engið allt frá túni *Hafnarengi* (4) bakkarnir neðan túns og engis *Hafnarbakkar* (5) – einmitt til þeirra takmarka tveim megin, er ætla má að verið hafi landamörk að fornu – og fram frá bökkunum innarlega lítið nes *Hafnarnef* (6). Þá nefnist og fjallið, allt út frá Snóksárdrögum að Hvanneyrarskál: *Hafnarfjall* (7). Niður á sjávarbakka, yst í horni túnsins, var hús reist af timbri um 1864 bjó þar eigandi Hafnar um sinn og nefndist það *Neðri-Höfn* (8) er það hús nýfallið. Í túni eru örnefni fá og smá; nefnist *Lambhúshóll* (9) suður frá bæ, syðst á túni, *Fjóstóftahóll* (10) utan bæjar og lækjar *Hesthúshóll* (11) nokkuð utar, og yst af túni *Skriðuhæð* (12) er það aurskriðuhryggur forn og gróinn með alldjúpum farveg í miðju, einnig grónum, er nefnist: *Stóralaut* (13) hafa hinar fornu girðingar túnsins verið færðar út að henni frá Hesthúshól. Þar litlu utar var og hjábýli reist um 1900 nefnt *Skriðuland* (14) var það af torfi og lengi einstakt, þó nú sé þangað komin byggð kaupstaðarins; norðan við það fellur *Skriðulækur* (15). Upp frá bæ við hinn forna túngarð, var einnig hjábýli reist um 1898 nefnt *Hlíðarhús* (16) er þar enn búið. Innri hlut Hafnarengis eru nokkrir djúpir skurðir og lækjaför, en milli þeirra engjatungur fagrar, nefnist ein hin mesta þeirra (og innsta) *Stekkjartunga* (17) í henni miðri eru leifar af stekk er síðast nefndist *Gamli-Stekkur* (18). Neðst í henni á bökkunum eru og fornar tóftir líklega af stekk og þar suður frá Stekkjareyri, sem getið er frá Minni Höfn. Er líklegt að hér hafi stekkjarból Meiri-Hafnar verið, allt frá er löndin voru skipt og Minni-Höfn byggð, og þá syðst í landi Meiri-Hafnar er og sunnan tungunnar djúpt lækjarfar sem líklegust hefðu verið merki. Syðst og neðst í Stekkjartungunni eru fenhólur tvær litlar, nefnast þær: *Efra-Höskuldarfen* (19) og *Neðra-Höskuldarfen* (20) hefur því verið hér trúað að í öðrum hvejum þessara pytta hafi Höskuldur bóndi í Höfn, áður nefndur falið fé nokkurt; mun og talsvert hafa verið rótað við báðum þessum holum, máskje oft.

Uppi í hlíð fjallsins, ofan Meiri Hafnar, eru giljadrög nokkur, flest, allt frá hábrún

ofan til hlíðarróta og milli þeirra meltungur allbrattar. Eru þar, næst út frá Blykerlingarmel, áðurnefndum, en suður og upp frá bæ, tvö gil allt niður í gegn og milli þeirra melhryggur, mjór og jafn, allt upp í brún nefnist hann *Strengur* (21) en gilin *Innra-Strengsgil* (22) og *Ytra-Strengsgil* (23). Næst út frá þeim er breiðari meltunga, nefnd: *Breiðimelur* (24) þá hinn næsti nokkuð mjórri *Auðimelur* (25) og loks, út og upp frá bæ, mjög mjór melrani, nefndur: *Kattarhryggur* (26). Ofan við fjallsbrún þá er hæst sést að norðan, eru daladrög nokkur er suður liggja og úr hallar vatni í Strengsgilin og Hafnarlæk, er að nokkru kemur úr ytra gilinu, nefnast þau *Leirdalir* (27) og hæðirnar austan þeirra *Leirdalabrúnir* (28). Vestan Leirdala er aðalhryggur fjallsins og nokkuð hærri en eystri brúnirnar; en lægð er í hann nokkur, vestur frá Streng. Hefur hér verið tíðfarin gangleið þvert yfir Hafnarfjall í botn Úlfsdals hins meiri og oftast gengið upp Streng og vestur um lægð þessa; nefndist þetta því *Strengsleið* (29) og lægðin *Strengsleiðarskarð* (30). Ekki er leið þessi hestfær talin, sem hin áðurnefnda Dalaleið, enda brekka meiri að austan; en beinni og fljótþarnari léttgengum mönnum.

Stafrófsröð örnefna Meiri-Höfn

- A -	Hafnarnef 6	- N -
Auðimelur 25	Hesthúshóll 11	Neðri-Höfn 8
- B -	Hlíðarhús 16	Neðra-Höskuldarfen 20
Breiðimelur 24	Höfn = 1	- S -
- E -	Höskuldarfen -Efra = 19	Skriðuhæð 12
Efra-Höskuldarfen 19	Höskuldarfen -Neðra = 20	Skriðuland 14
- F -	- I -	Skriðulækur 15
Fjóstóftahóll 10	Innra-Strengsgil 22	Snóksárdrög [7]
- G -	- K -	Stekkjartunga 17
Gamlistekkur 18	Kattarhryggur 26	Stóralaut 13
- H -	- L -	Strengsgil -Innra = 22
Hafnarbakkar 5	Lambhúshóll 9	Strengsgil -Ytra = 23
Hafnarengi 4	Leirdalabrúnir 28	Strengsleið 29
Hafnarfjall 7	Leirdalir 27	Strengsleiðarskarð 30
Hafnarhæð 2	- M -	Strengur 21
Hafnarlækur 3	Meiri-Höfn 1	- Y -
		Ytra-Strengsgil 23